

AUGLÝSING

um samning Íslands og Evrópusambandsins og aðildarríkja þess um sameiginlegar efndir á öðru skuldbindingartímabili Kýótóbókunarinnar.

Hinn 6. október 2015 var aðalframkvæmdastjóra ráðs Evrópusambandsins afhent fullgildingarskjal Íslands vegna samnings, sem gerður var í Brussel 1. apríl 2015, milli Íslands annars vegar og Evrópusambandsins og aðildarríkja þess hins vegar um þátttöku Íslands í sameiginlegum efndum á skuldbindingum Íslands, Evrópusambandsins og aðildarríkja þess á öðru skuldbindingartímabili Kýótóbókunarinnar við rammamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 28/2002, þar sem Kýótóbókunin er birt og nr. 14/1993, þar sem rammamningurinn er birtur.

Samningurinn öðlaðist gildi 27. nóvember 2018 og er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utánríkisráðuneytinu, 9. desember 2021.

F. h. r.
Martin Eyólfsson.

Anna Jóhannsdóttir.

Fylgiskjal.

**SAMNINGUR
MILLI ÍSLANDS ANNARS VEGAR
OG EVRÓPUSAMBANDSINS OG AÐILDARRÍKJA ÞESS HINS VEGAR
UM ÞÁTTTÖKU ÍSLANDS Í SAMEIGINLEGUM EFNDUM Á SKULDBINDINGUM
ÍSLANDS, EVRÓPUSAMBANDSINS OG AÐILDARRÍKJA ÞESS Á ÖÐRU
SKULDBINDINGARTÍMABILI KÝÓTÓBÓKUNARINNAR VIÐ RAMMASAMNING
SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA UM LOFTSLAGSBREYTINGAR**

ÍSLAND

annars vegar og

EVROÞPUSAMBANDIÐ

(hér á eftir einnig nefnt „Sambandið“),

KONUNGRÍKIÐ BELGÍA,

LÝÐVELDIÐ BÚLGARÍA,

LÝÐVELDIÐ TÉKKLAND,

KONUNGRÍKIÐ DANMÖRK,

SAMBANDSLÝÐVELDIÐ ÞÝSKALAND,

LÝÐVELDIÐ EISTLAND,

ÍRLAND,

LÝÐVELDIÐ GRIKKLAND,

KONUNGRÍKIÐ SPÁNN,

LÝÐVELDIÐ FRAKKLAND,

LÝÐVELDIÐ KRÓATÍA

LÝÐVELDIÐ ÍTALÍA,

LÝÐVELDIÐ KÝPUR,

LÝÐVELDIÐ LETTLAND,

LÝÐVELDIÐ LITHÁEN,

STÓRHERTOGADÆMIÐ LÚXEMBOURG,

UNGVERJALAND,

LÝÐVELDIÐ MALTA,

KONUNGRÍKIÐ HOLLAND,

LÝÐVELDIÐ AUSTURRÍKI,

LÝÐVELDIÐ PÓLLAND,

LÝÐVELDIÐ PORTÚGAL,

RÚMENÍA,

LÝÐVELDIÐ SLÓVENÍA,

LÝÐVELDIÐ SLÓVAKÍA,
LÝÐVELDIÐ FINNLAND,
KONUNGRÍKIÐ SVÍÐJÓÐ,
HIÐ SAMEINADA KONUNGRÍKI STÓRA-BRETLANDS OG NORÐUR-ÍRLANDS
hins vegar,
(hér á eftir nefndir „samningsaðilar“),
SEM HAFA HUGFAST:

Í sameiginlegu yfirlýsingunni, sem gefin var út í Doha 8. desember 2012, kemur fram að skuldbindingar Sambandsins, aðildarríkja þess, Króatíu og Íslands um magnbundna takmörkun og skerðingu á losun á öðru skuldbindingartímabili Kýótóbókunarinnar byggist á samkomulaginu um að þessar skuldbindingar verði efndar sameiginlega í samræmi við 4. gr. Kýótóbókunarinnar, að 7. mgr. b í 3. gr. í Kýótóbókuninni verði beitt að því er varðar sameiginlegt, úthlutað magn samkvæmt samningnum um sameiginlegar efndir Evrópusambandsins, aðildarríkja þess, Króatíu og Íslands, og að þetta eigi ekki við um aðildarríkin, Króatíu eða Ísland hvert í sínu lagi.

Í þeirri yfirlýsingu lýstu Sambandið, aðildarríki þess og Ísland því yfir að þau muni á sama tíma afhenda til vörslu skjal um staðfestingu, eins og gert var með Kýótóbókuninni sjálfri, til að tryggja að gildistaka þess verði samtímis í Sambandinu, 27 aðildarríkjum þess, Króatíu og Íslandi.

Ísland tekur þátt í störfum nefndar Evrópusambandsins um loftslagsbreytingar, sem stofnuð var í samræmi við 26. gr. reglugerðar (ESB) nr. 525/2013, og störfum vinnuhóps I sem heyrir undir nefndina um loftslagsbreytingar.

HAFA ÁKVEDIÐ AÐ GERA MEÐ SÉR ÞENNAN SAMNING:

1. gr.

Markmið samningsins.

Markmið þessa samnings er að kveða á um skilmálana sem gilda um þátttöku Íslands í sameiginlegum efndum á skuldbindingum Evrópusambandsins, aðildarríkja þess og Íslands á öðru skuldbindingartímabili Kýótóbókunarinnar og auðvelda skilvirka framkvæmd þessarar þátttöku, þ.m.t. framlag Íslands í efndum Sambandsins að því er varðar kröfur um skýrslugjöf á öðru skuldbindingartímabili Kýótóbókunarinnar.

2. gr.

Skilgreiningar.

Í þessum samningi er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „Kýótóbókunin“: Kýótóbókunin við rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (UNFCCC), eins og henni var breytt með Doha-breytingunni á þeirri bókun sem samþykkt var 8. desember 2012 í Doha.
- b) „Doha-breyting“: Doha-breytingin á Kýótóbókuninni við rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, samþykkt 8. desember 2012 í Doha, þar sem kveðið er á um annað skuldbindingartímabil Kýótóbókunarinnar frá 1. janúar 2013 til 31. desember 2020.
- c) „Skilmálar um sameiginlegar efndir“: skilmálarnir sem settir eru fram í 2. viðauka við þennan samning.
- d) „Tilskipunin um viðskiptakerfi fyrir losunarheimildir“: tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB frá 13. október 2003 um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins, með áorðnum breytingum.

3. gr.

Sameiginlegar efndir.

1. Samningsaðilarnir eru einhuga um að efna í sameiningu skuldbindingar sínar um magnbundna takmörkun og skerðingu á losun á öðru skuldbindingartímabilinu, sem skráð er í þriðja dálki viðauka B við Kýótóbókunina, í samræmi við skilmálana um sameiginlegu efndirnar.
2. Í því skyni skal Ísland gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að öll samanlögð losun þess af mannavöldum á öðru skuldbindingartímabilinu í koltvísýringisgildum á gróðurhúsalofttegundum, sem tilgreindar eru í viðauka A við Kýótóbókunina, frá upptökum og viðtökum sem falla undir Kýótóbókunina en falla ekki undir gildissvið tilskipunarinnar um viðskiptakerfi fyrir losunarheimildir fari ekki yfir úthlutað magn sem sett er fram í skilmálanum um sameiginlegu efndirnar.
3. Með fyrirvara um 8. gr. þessa samnings skal Ísland í lok annars skuldbindingartímabilsins og í samræmi við ákvörðun 1/CMP.8 og aðrar viðkomandi ákvarðanir skrifstofu rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar eða aðila að Kýótóbókuninni og í samræmi við skilmála um sameiginlegar efndir innleysa af landsskrá sinni einingar úthlutaðs magns (AAU), einingar vottaðrar losunarskerðingar (CER), losunarskerðingareiningar (ERU), bindingareiningar (RMU) og bráðabirgðaeiningar vottaðrar losunarskerðingar (tCER) eða langtímaeiningar vottaðrar losunarskerðingar (ICER) sem jafngilda losun gróðurhúsalofttegunda frá upptökum og upptöku í viðtaka sem falla undir úthlutað magn þess.

4. gr.

Beiting viðeigandi löggjafar Sambandsins.

1. Þær réttargerðir, sem tilgreindar eru í 1. viðauka við þennan samning, skulu vera bindandi fyrir Ísland og gilda á Íslandi. Ef réttargerðirnar, sem falla undir þann viðauka, hafa að geyma tilvísanir til aðildarríkja Sambandsins skal litið svo á að tilvísanirnar, að því er þennan samning varðar, vísi einnig til Íslands.
2. Breyta má 1. viðauka við þennan samning með ákvörðun nefndar um sameiginlegar efndir sem komið er á fót með 6. gr. þessa samnings.
3. Nefndin um sameiginlegar efndir getur kveðið nánar á um tæknilegt fyrirkomulag varðandi beitingu þeirra réttargerða, sem tilgreindar eru í 1. viðauka við þennan samning, að því er varðar Ísland.
4. Ef breytingar á 1. viðauka við þennan samning kalla á breytingar á almennri löggjöf Íslands skal við gildistöku slíkra breytinga hafa hliðsjón af þeim tíma sem Ísland þarf til að samþykkja breytingarnar og þörfinni á að tryggja samræmi við kröfurnar í Kýótóbókuninni og ákvörðunum.
5. Það er sérstaklega brýnt að framkvæmdastjórnin fylgi venjulegri hefð og hafi samráð við sérfræðinga, þ.m.t. við sérfræðinga á Íslandi, áður en framseldar gerðir, sem felldar eru eða felldar verða undir 1. viðauka við þennan samning, verða samþykktar.

5. gr.

Skýrslugjöf.

1. Ísland skal eigi síðar en 15. apríl 2015 leggja fyrir skrifstofu rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar skýrslu til að auðvelda útreikninga á úthlutaðu magni þess, í samræmi við þennan samning, kröfurnar í Kýótóbókuninni, Doha-breytingunni og þeim ákvörðunum sem samþykktar hafa verið í tengslum við þær.
2. Sambandið skal taka saman skýrslu til að auðvelda útreikninga á úthlutaðu magni Sambandsins og aðra skýrslu til að auðvelda útreikninga á sameiginlegu, úthlutaðu magni Sambandsins, aðildarríkja þess og Íslands („sameiginlegt, úthlutað magn“), í samræmi við þennan samning, kröfurnar í Kýótóbókuninni, Doha-breytingunni og þeim ákvörðunum sem samþykktar hafa verið í tengslum við þær. Sambandið skal leggja þessar skýrslur fyrir skrifstofu rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar eigi síðar en 15. apríl 2015.

6. gr.

Nefnd um sameiginlegar efndir.

1. Hér með er komið á fót nefnd um sameiginlegar efndir, skipuð fulltrúum samningsaðilanna.
2. Nefndin um sameiginlegar efndir skal tryggja skilvirka framkvæmd og starfrækslu þessa samnings. Í því skyni skal hún taka þær ákvarðanir, sem kveðið er á um í 4. gr. þessa samnings, og skiptast á skoðunum og upplýsingum sem tengjast framkvæmd skilmálanna um sameiginlegu efndirnar. Allar ákvarðanir nefndarinnar um sameiginlegar efndir skulu teknar með samhljóða samþykki.
3. Nefndin um sameiginlegar efndir skal koma saman setji einn eða fleiri samningsaðilar fram beiðni um það eða að frumkvæði Sambandsins. Þeirri beiðni skal beint til Sambandsins.
4. Nefndarmenn, sem sitja fyrir hönd Sambandsins og aðildarríkja þess í nefndinni um sameiginlegar efndir, skulu í fyrstu vera fulltrúar framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna sem taka einnig þátt í störfum nefndar Evrópusambandsins um loftslagsbreytingar, sem komið var á fót í samræmi við 26. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 525/2013¹. Umhverfis- og auðlindaráðuneyti Íslands skal tilnefna fulltrúa landsins. Hvenær sem því verður við komið skal halda fundi nefndarinnar um sameiginlegar efndir nálægt fundum nefndarinnar um loftslagsbreytingar.
5. Nefndin um sameiginlegar efndir skal samþykkja starfsreglur sínar með samhljóða samþykki.

7. gr.

Fyrirvarar.

Óheimilt er að gera fyrirvara við samning þennan.

8. gr.

Tímalengd og framfylgd.

1. Þessi samningur er gerður fyrir tímabilið til loka viðbótartímabilsins sem gefið er til að uppfylla skuldbindingarnar á öðru skuldbindingartímabili Kýótóbókunarinnar eða þar til öllum spurningum um framkvæmd samkvæmt Kýótóbókuninni, að því er varðar einhvern samningsaðilanna, sem tengjast því skuldbindingartímabili eða framkvæmd sameiginlegu efndanna, hefur verið svarað, hvort sem ber upp síðar. Ekki er unnt að segja þessum samningi upp fyrr en þá.
2. Ísland skal tilkynna nefndinni um sameiginlegar efndir um hvers kyns misbresti eða yfirvofandi misbresti á beitingu ákvæðanna í þessum samningi. Réttlæta verður hvers kyns misbrest af þessu tagi þannig að nefndarmenn telji fullnægjandi innan 30 daga frá tilkynningu þess. Misbrestur á því að beita ákvæðum þessa samnings telst að öðrum kosti brot á þessum samningi.
3. Ef um er að ræða brot á þessum samningi eða andmæli af Íslands hálfu við því að breyta 1. viðauka við hann í samræmi við 2. mgr. 4. gr. skal Ísland gera grein fyrir samanlagðri losun af mannavöldum í koltvísýringisígildum frá upptökum og upptöku í viðtaka á Íslandi sem falla undir Kýótóbókunina á öðru skuldbindingartímabilinu, þ.m.t. losun frá upptökum sem falla undir kerfi Evrópusambandsins fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda, í samanburði við markmiðið um magnbundna skerðingu þess á losun sem fram kemur í þriðja dálki viðauka B við Kýótóbókunina og, í lok annars skuldbindingartímabilsins, innleysa af landsskrá sinni einingar úthlutaðs magns (AAU), einingar vottaðrar losunarskerðingar (CER), losunarskerðingar einingar (ERU), bindingareiningar (RMU) og bráðabirgðaeiningar vottaðrar losunarskerðingar (tCER) eða langtímaeiningar vottaðrar losunarskerðingar (ICER) sem jafngilda þessari losun.

9. gr.

Vörsluaðili.

Samningur þessi, sem gerður er í tvíriti á íslensku, búlgörsku, króatísku, tékknesku, dönsku, hollensku, ensku, eistnesku, finnsku, frönsku, þýsku, grísku, ungversku, ítölsku, lettnesku, litháísku,

¹ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 525/2013 frá 21. maí 2013 um fyrirkomulag við vöktun og skýrslugjöf að því er varðar losun gróðurhúsalofttegunda og skýrslugjöf að því er varðar aðrar upplýsingar á landsvísu og á vettvangi Sambandsins sem varða loftslagsbreytingar og um niðurfellingu á ákvörðun nr. 280/2004/EB (Stj. tíð. ESB L 165, 18.6.2013, bls. 13).

maltnesku, pólsku, portúgölsku, rúmensku, slóvakísku, slóvensku, spænsku og sænsku, en allir þessir textar eru jafngildir, skal afhentur aðalframkvæmdastjóra ráðs Evrópusambandsins til vörslu.

10. gr.

Afhending skjala um fullgildingu til vörslu.

1. Samningsaðilarnir skulu fullgilda samning þennan í samræmi við landsbundnar kröfur hvers þeirra um sig. Hver samningsaðili skal afhenda aðalframkvæmdastjóra ráðs Evrópusambandsins til vörslu skjöl um fullgildingu, annaðhvort áður en eða samtímis því að skjöl um samþykki Doha-breytingarinnar eru afhent aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til vörslu.
2. Ísland skal afhenda aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til vörslu skjöl sín um samþykki Doha-breytingarinnar í samræmi við 4. mgr. 20. gr. og 7. mgr. 21. gr. Kýótóbókunarinnar eigi síðar en þann dag sem síðustu skjölin um samþykki Sambandsins eða aðildarríkja þess eru afhent til vörslu.
3. Þegar Ísland afhendir til vörslu skjöl sín um samþykki Doha-breytingarinnar skal það einnig fyrir eigin hönd tilkynna skrifstofu rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar um skilmálana um sameiginlegar efndir í samræmi við 2. mg. 4. gr. Kýótóbókunarinnar.

11. gr.

Gildistaka.

Samningur þessi öðlast gildi á nítugasta degi eftir þann dag þegar allir samningsaðilar hafa afhent til vörslu skjöl sín um fullgildingu.

Gjört í Brussel hinn 1. apríl 2015.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir fulltrúar, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

1. VIÐAUKI

(Skrá sem kveðið er á um í 4. gr.)

1. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 525/2013 frá 21. maí 2013 um fyrirkomulag við vöktun og skýrslugjöf að því er varðar losun gróðurhúsalofttegunda og skýrslugjöf að því er varðar aðrar upplýsingar á landsvísu og á vettvangi Sambandsins sem varða loftslagsbreytingar og um niðurfellingu á ákvörðun nr. 280/2004/EB (sem vísað er til sem „reglugerð 525/2013“), nema 4. gr., f-liður 7. gr., 15.–20. gr. og 22. gr. Ákvæði 21. gr. gilda eftir því sem við á.
2. Gildandi og síðari framseldar gerðir og framkvæmdargerðir sem byggjast á reglugerð (ESB) nr. 525/2013.

2. VIÐAUKI

**Tilkynning um skilmála samningsins
um að efna í sameiningu skuldbindingar Íslands, Evrópusambandsins og
aðildarríkja þess samkvæmt 3. gr. Kýótóbókunarinnar á öðru skuldbindingartímabili
Kýótóbókunarinnar, sem samþykktir voru á ráðstefnu samningsaðila að rammasamningi
sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, en af því tilefni hittust aðilar að Kýótóbókuninni
í Doha, samkvæmt ákvörðun 1/cmp.8, í samræmi við 4. gr. Kýótóbókunarinnar.**

1. Aðilar að samningnum

Evrópusambandið, aðildarríki þess og Lýðveldið Ísland, sem öll eru aðilar að Kýótóbókuninni, eru aðilar að þessum samningi („aðilarnir“). Eftirfarandi ríki eru nú aðildarríki Evrópusambandsins: Konungsríkið Belgía, Lýðveldið Búlgaría, Lýðveldið Tékkland, Konungsríkið Danmörk, Sambandslýðveldið Þýskaland, Lýðveldið Eistland, Írland, Lýðveldið Grikkland, Konungsríkið Spánn, Lýðveldið Frakkland, Lýðveldið Króatía, Lýðveldið Ítalía, Lýðveldið Kýpur, Lýðveldið Lettland, Lýðveldið Litháen, Stórhertogadæmið Lúxemborg, Ungverjaland, Lýðveldið Malta, Konungsríkið Holland, Lýðveldið Austurríki, Lýðveldið Pólland, Lýðveldið Portúgal, Rúmenía, Lýðveldið Slóvenía, Lýðveldið Slóvakía, Lýðveldið Finnland, Konungsríkið Svíþjóð og Hið sameinaða konungsríki Stóra-Bretlands og Norður-Írlands.

Ísland er aðili að samningi þessum samkvæmt samkomulagi Evrópusambandsins, aðildarríkja þess og Íslands að því er varðar þátttöku Íslands í sameiginlegum efnadum á skuldbindingum Evrópusambandsins, aðildarríkja þess og Íslands á öðru skuldbindingartímabili Kýótóbókunarinnar við rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar.

2. Sameiginlegar efnir á skuldbindingunum skv. 3. gr. Kýótóbókunarinnar á öðru skuldbindingartímabili þeirrar bókunar

Í samræmi við 1. mgr. 4. gr. Kýótóbókunarinnar munu aðilarnir efna skuldbindingar sínar skv. 3. gr. sem hér segir:

- aðilarnir munu tryggja, í samræmi við 5. og 6. mgr. 4. gr. Kýótóbókunarinnar, að í aðildarríkjunum og á Íslandi fari samanlögð summa losunar af mannavöldum á gróðurhúsalofttegundum, sem tilgreindar eru í viðauka A við Kýótóbókunina, í koltvísýringsígildum ekki yfir það magn sem þessum ríkjum var úthlutað sameiginlega, beiting á ákvæðum 1. mgr. 3. gr. Kýótóbókunarinnar, er varða losun gróðurhúsalofttegunda frá flugi og siglingum í aðildarríkjunum og á Íslandi, byggist á þeirri nálgun í samningnum að taka eingöngu tillit til losunar frá innanlandsflugi og sjóflutningum innanlands í markmiðum samningsaðilanna. Nálgun Evrópusambandsins á öðru skuldbindingartímabili Kýótóbókunarinnar helst óbreytt frá fyrra skuldbindingartímabilinu í ljósi þess hve lítið hefur miðað í kjölfar ákvörðunar 2/CP.3 við það að tengja þessa losun við markmið samningsaðilanna. Þetta er með fyrirvara um ósveigjanleika í skuldbindingum Evrópusambandsins, að því er varðar loftslags- og orkupakkann, sem haldast óbreyttar. Þetta er einnig með fyrirvara um nauðsyn þess að grípa til ráðstafana varðandi losun slíkra lofttegunda frá eldsneyti úr geymum loftfara og skipa,
- hver aðili getur sett sér hærra markmið með því að færa einingar úthlutaðs magns, losunarskerðingareiningar eða einingar vottaðrar losunarskerðingar yfir á ógildingarreikning sem stofnaður hefur verið í landsskrá hans. Aðilarnir munu í sameiningu leggja fram þær upplýsingar sem krafist er skv. 9. mgr. í ákvörðun 1/CMP.8 og leggja í sameiningu fram hvers kyns tillögur að því er varðar 3. gr. (1b og 1c) í Kýótóbókuninni, aðilarnir beita hver um sig áfram ákvæðum 3. og 4. mgr. 3. gr. Kýótóbókunarinnar og ákvarðana henni tengdar sem samþykktar hafa verið, samanlögð losun viðmiðunarárs aðilanna jafngildir summu losunar viðkomandi viðmiðunarára sem gilda fyrir hvert aðildarríki og Ísland, ef landnotkun, breytt landnotkun og skógrækt voru hrein uppspretta losunar gróðurhúsalofttegunda árið 1990 í einhverju aðildarríkjana eða á Íslandi skal viðkomandi aðili, í 3. gr. (7a) í Kýótóbókuninni, telja með, fyrir viðmiðunarárið eða -tímabilið fyrir losun, heildarlosun af mannavöldum, sem mæld er í koltvísýringsígildum, frá upptökum, að frádreginni fjarlægingu með viðtökum fyrir viðmiðunarárið eða -tímabilið sem rekja má til landnotkunar,

breyttrar landnotkunar og skógræktar í því skyni að reikna sameiginlegt, úthlutað magn aðilanna sem ákvarðað var í samræmi við 3. gr. (7a, 8. og 8a) í Kýótóbókuninni, útreikningarnir skv. 3. gr. (7b) Kýótóbókunarinnar gilda um sameiginlegt, úthlutað magn á öðru skuldbindingartímabilinu fyrir þá aðila sem ákvarðaðir voru í samræmi við 3. gr. (7a, 8 og 8a) Kýótóbókunarinnar og um summu meðalárslosunar aðilanna á fyrstu þremur árum fyrsta skuldbindingartímabilsins, margfaldað með átta, í samræmi við ákvörðun 1/CMP.8 er heimilt að nota einingar í umframvarasjóðsreikningi frá fyrra tímabili aðila til innlausnar á viðbótartímabilinu til að efna skuldbindingarnar á öðru skuldbindingartímabilinu, að svo miklu leyti sem losun þess aðila á öðru skuldbindingartímabilinu fer yfir úthlutað magn hans á því skuldbindingartímabili, eins og skilgreint er í tilkynningunni.

3. Viðeigandi losunarmagn sem úthlutað er hverjum samningsaðila Skuldbindingarnar er varða magnbundna takmörkun og skerðingu á losun aðilanna samkvæmt þriðja dálki viðauka B við Kýótóbókunina hljóða upp á 80%. Sameiginlegt, úthlutað magn aðilanna á öðru skuldbindingartímabilinu verður ákvarðað skv. 3. gr. (7a, 8 og 8a) Kýótóbókunarinnar, og til að greiða fyrir útreikningum á því leggur Evrópusambandið fram skýrslu skv. 2. mgr. ákvörðunar 2/CMP.8.

Viðeigandi losunarmagn, sem úthlutað er hverjum aðila, er sem hér segir:

Losunarmagnið fyrir Evrópusambandið er mismunurinn á sameiginlegu, úthlutaðu magni aðilanna og summu losunarmagns aðildarríkjanna og Íslands. Til að greiða fyrir útreikningum á því verður lögð fram skýrsla skv. 2. mgr. ákvörðunar 2/CMP.8.

Í samræmi við 1. og 5. mgr. 4. gr. Kýótóbókunarinnar er viðeigandi losunarmagn aðildarríkjanna og Íslands summan af viðeigandi magni þeirra, sem tilgreint er í töflu 1 hér á eftir, og útkomunni sem hlýst af beitingu annars málsliðar 3. gr. (7a) í Kýótóbókuninni að því er það aðildarríki eða Ísland varðar.

Úthlutað magn aðilanna skal vera jafnt viðeigandi losunarmagni þeirra.

Úthlutað magn Evrópusambandsins verður dregið frá losun gróðurhúsalofttegunda frá upptökum sem falla undir kerfi Evrópusambandsins fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda og sem aðildarríki Sambandsins og Ísland eiga aðild að, svo fremi þessi losun falli undir Kýótóbókunina. Úthlutað magn aðildarríkjanna og Íslands nær til losunar gróðurhúsalofttegunda frá upptökum og upptöku í viðtaka í hverju aðildarríkjanna eða Íslandi frá upptökum og viðtökum sem falla ekki undir tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/29/EB um breytingu á tilskipun 2003/87/EB til að bæta og víkka út kerfi Bandalagsins fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda. Þetta tekur til allrar losunar frá upptökum og upptöku í viðtaka sem fellur undir 3. og 4. mgr. 3. gr. Kýótóbókunarinnar og til allrar losunar á köfnunarefnis-tríflúoríði (NF3) sem heyrir undir Kýótóbókunina.

Aðilar að þessum samningi skulu hver um sig gefa skýrslu um losun frá upptökum og upptöku í viðtaka sem fellur undir úthlutað magn hvers og eins þeirra.

Tafla 1:

Losunarmagn aðildarríkjanna og Íslands (áður en kemur til þess að ákvæðum 3. gr. (7a) er beitt) í tonnum koltvísýringsgilda fyrir annað skuldbindingartímabil Kýótóbókunarinnar

Belgía	584 228 513
Búlgaría	222 945 983
Tékkland	520 515 203
Danmörk	269 321 526
Þýskaland	3 592 699 888
Eistland	51 056 976
Írland	343 467 221
Grikkland	480 791 166
Spánn	1 766 877 232
Frakkland	3 014 714 832
Króatía	162 271 086
Ítalía	2 410 291 421
Kýpur	47 450 128
Lettland	76 633 439
Litháen	113 600 821
Lúxemborg	70 736 832
Ungverjaland	434 486 280
Malta	9 299 769
Holland	919 963 374
Austurríki	405 712 317
Pólland	1 583 938 824
Portúgal	402 210 711
Rúmenía	656 059 490
Slóvenía	99 425 782
Slóvakía	202 268 939
Finnland	240 544 599
Svíþjóð	315 554 578
Bretland	2 743 362 625
Ísland	15 327 217

AGREEMENT
BETWEEN THE EUROPEAN UNION AND ITS MEMBER STATES, OF THE ONE PART,
AND ICELAND, OF THE OTHER PART,
CONCERNING ICELAND'S PARTICIPATION
IN THE JOINT FULFILMENT OF THE COMMITMENTS
OF THE EUROPEAN UNION, ITS MEMBER STATES AND ICELAND FOR THE
SECOND COMMITMENT PERIOD OF THE KYOTO PROTOCOL
TO THE UNITED NATIONS FRAMEWORK CONVENTION ON CLIMATE CHANGE

THE EUROPEAN UNION
(hereafter also referred to as the "Union"),
THE KINGDOM OF BELGIUM,
THE REPUBLIC OF BULGARIA,
THE CZECH REPUBLIC,
THE KINGDOM OF DENMARK,
THE FEDERAL REPUBLIC OF GERMANY,
THE REPUBLIC OF ESTONIA,
IRELAND,
THE HELLENIC REPUBLIC,
THE KINGDOM OF SPAIN,
THE FRENCH REPUBLIC,
THE REPUBLIC OF CROATIA,
THE ITALIAN REPUBLIC,
THE REPUBLIC OF CYPRUS,
THE REPUBLIC OF LATVIA,
THE REPUBLIC OF LITHUANIA,
THE GRAND DUCHY OF LUXEMBOURG,
HUNGARY,
THE REPUBLIC OF MALTA,
THE KINGDOM OF THE NETHERLANDS,
THE REPUBLIC OF AUSTRIA,
THE REPUBLIC OF POLAND,
THE PORTUGUESE REPUBLIC,
ROMANIA,
THE REPUBLIC OF SLOVENIA,
THE SLOVAK REPUBLIC,
THE REPUBLIC OF FINLAND,

THE KINGDOM OF SWEDEN,
THE UNITED KINGDOM OF GREAT BRITAIN AND NORTHERN IRELAND
of the one part
and ICELAND
of the other part
(hereinafter referred to as "the Parties"),

RECALLING THAT:

The joint statement issued in Doha on 8 December 2012 states that the quantified emission limitation and reduction commitments for the Union, its Member States, Croatia and Iceland for the second commitment period under the Kyoto Protocol are based on the understanding that those commitments will be fulfilled jointly in accordance with Article 4 of the Kyoto Protocol, that Article 3, paragraph 7 ter, of the Kyoto Protocol will be applied to the joint assigned amount pursuant to the agreement on joint fulfilment by the European Union, its Member States, Croatia and Iceland, and that it will not be applied to Member States, Croatia or Iceland individually,

In that statement the Union, its Member States and Iceland stated that they will deposit instruments of acceptance at the same time, as was the case for the Kyoto Protocol itself, to ensure its simultaneous entry into force for the Union, its 27 Member States, Croatia and Iceland;

Iceland is participating in the Climate Change Committee of the European Union, established in accordance with Article 26 of Regulation (EU) No 525/2013, as well as in the Working Group under the Climate Change Committee,

HAVE DECIDED TO CONCLUDE THIS AGREEMENT:

ARTICLE 1

Objective of the Agreement

The objective of this Agreement is to establish the terms governing Iceland's participation in the joint fulfilment of the commitments of the European Union, its Member States and Iceland for the second commitment period of the Kyoto Protocol, and to enable an effective implementation of this participation, including Iceland's contribution to the Union's fulfilment of its reporting requirements for the second commitment period of the Kyoto Protocol.

ARTICLE 2

Definitions

For the purposes of this Agreement the following definitions apply:

- a) "Kyoto Protocol" means the Kyoto Protocol to the United Nations Framework Convention on Climate Change (UNFCCC), as amended by the Doha Amendment to that Protocol, agreed on 8 December 2012 in Doha;
- b) "Doha Amendment" means the Doha Amendment to the Kyoto Protocol to the UNFCCC, agreed on 8 December 2012 in Doha, establishing the second commitment period of the Kyoto Protocol from 1 January 2013 until 31 December 2020;
- c) "Terms of the joint fulfilment" means the terms set out in Annex 2 to this Agreement;
- d) "the ETS Directive" means Directive 2003/87/EC of the European Parliament and of the Council of 13 October 2003 establishing a scheme for greenhouse gas emission allowance trading within the Community, as amended.

ARTICLE 3

Joint Fulfilment

1. The Parties agree to fulfil their quantified emission limitation and reduction commitments for the second commitment period inscribed in the third column of Annex B to the Kyoto Protocol jointly, in accordance with the terms of the joint fulfilment.
2. To that end, Iceland shall take all necessary measures in order to ensure that its aggregate anthropogenic carbon dioxide equivalent emissions in the second commitment period of the greenhouse gases listed in Annex A to the Kyoto Protocol from sources and sinks covered by the Kyoto Protocol, which do not fall under the scope of the ETS Directive, do not exceed its assigned amount set out in the terms of the joint fulfilment.
3. Without prejudice to Article 8 of this Agreement, Iceland shall, at the end of the second commitment period, and in accordance with Decision 1/CMP.8 and other relevant decisions of the UNFCCC or Kyoto Protocol bodies, and the terms of the joint fulfilment, retire from its national registry AAUs, CERs, ERUs, RMUs, tCERs or ICERs equivalent to the greenhouse gas emissions from sources and removals by sinks covered by its assigned amount.

ARTICLE 4

Application of relevant Union legislation

1. The legal acts listed in Annex 1 of this Agreement shall be binding upon Iceland and rendered applicable in Iceland. Whenever the legal acts included in that Annex contain references to the Member States of the Union, the references shall, for the purposes of this Agreement, also be understood as being references to Iceland.
2. Annex 1 of this Agreement may be amended by a Decision of the Joint Fulfilment Committee established by Article 6 of this Agreement.
3. The Joint Fulfilment Committee may decide on further technical modalities on the application to Iceland of the legal acts listed in Annex 1 of this Agreement.
4. In the case of amendments to Annex 1 of this Agreement that require changes in primary legislation in Iceland, the entry into force of such amendments shall take into account the time that is required for the adoption of such changes by Iceland and the need to ensure compliance with the requirements of the Kyoto Protocol and decisions.
5. It is of particular importance that the Commission follow its usual practice and carry out consultations with experts, including experts from Iceland, before adopting delegated acts included or to be included in Annex 1 of this Agreement.

ARTICLE 5

Reporting

1. Iceland shall, by 15 April 2015, submit to the Secretariat of the UNFCCC a report to facilitate the calculation of its assigned amount, in accordance with this Agreement, the requirements of the Kyoto Protocol, the Doha Amendment and decisions adopted thereunder.
2. The Union shall prepare a report to facilitate the calculation of the assigned amount of the Union and a report to facilitate the calculation of the joint assigned amount of the Union, its Member States and Iceland ("the joint assigned amount"), in accordance with this Agreement, the requirements of the Kyoto Protocol, the Doha Amendment and decisions adopted thereunder. The Union shall submit these reports to the Secretariat of the UNFCCC by 15 April 2015.

ARTICLE 6

Joint Fulfilment Committee

1. A Joint Fulfilment Committee, consisting of representatives of the Parties, is hereby established.
2. The Joint Fulfilment Committee shall ensure the effective implementation and operation of this Agreement. To that end, it shall take the decisions provided for in Article 4 of this Agreement and carry out exchanges of views and information related to the implementation of the terms of the joint fulfilment. The Joint Fulfilment Committee shall take all decisions by consensus.

3. The Joint Fulfilment Committee shall meet at the request of one or more Parties, or on the initiative of the Union. That request shall be addressed to the Union.
4. The members of the Joint Fulfilment Committee representing the Union and its Member States shall initially be the representatives of the Commission and of the Member States also participating in the Climate Change Committee of the European Union, which was established in accordance with Article 26 of Regulation (EU) No 525/2013 of the European Parliament and of the Council¹. Iceland's representative shall be appointed by its Ministry for the Environment and Natural Resources. The meetings of the Joint Fulfilment Committee shall be arranged, whenever possible, adjacent to those of the Climate Change Committee.
5. The Joint Fulfilment Committee shall adopt its rules of procedure by consensus.

ARTICLE 7

Reservations

No reservations may be made to this Agreement.

ARTICLE 8

Duration and compliance

1. This Agreement is concluded for the time period until the end of the additional period for fulfilling commitments in the second commitment period of the Kyoto Protocol or until any questions of implementation under the Kyoto Protocol for any of the Parties, related to that commitment period or the implementation of the joint fulfilment, are resolved, whichever is the later. This Agreement cannot be terminated before then.
2. Iceland shall notify the Joint Fulfilment Committee of any failure or impending failure to apply the provisions of this Agreement. Any such failure must be justified to the satisfaction of its members within 30 days of its notification. Otherwise, the failure to apply the provisions of this Agreement constitutes a breach of this Agreement.
3. In case of a breach of this Agreement or an objection by Iceland to amend its Annex 1 in accordance with Article 4, paragraph 2, Iceland shall account for the aggregate anthropogenic carbon dioxide equivalent emissions from sources and removals by sinks in Iceland covered by the Kyoto Protocol in the second commitment period, including emissions from sources covered by the European Union scheme for greenhouse gas emission allowance trading, against its quantified emission reduction objective included in the third column of Annex B of the Kyoto Protocol and, at the end of the second commitment period, retire from its national registry AAUs, CERs, ERUs, RMUs, tCERs or ICERs equivalent to those emissions.

ARTICLE 9

Depositary

This Agreement, drawn up in duplicate in the Bulgarian, Croatian, Czech, Danish, Dutch, English, Estonian, Finnish, French, German, Greek, Hungarian, Italian, Latvian, Lithuanian, Maltese, Polish, Portuguese, Romanian, Slovak, Slovenian, Spanish, Swedish and Icelandic languages, each text being equally authentic, shall be deposited with the Secretary-General of the Council of the European Union.

ARTICLE 10

Deposit of ratification instruments

1. This Agreement shall be ratified by the Parties in accordance with their respective national requirements. Each party shall deposit its instrument of ratification with the Secretary-General of the Council of the European Union, either before or simultaneously with the depositing of its instrument of acceptance of the Doha Amendment with the Secretary-General of the United Nations.

¹ Regulation (EU) No 525/2013 of the European Parliament and of the Council of 21 May 2013 on a mechanism for monitoring and reporting greenhouse gas emissions and for reporting other information at national and Union level relevant to climate change and repealing Decision No 280/2004/EC (OJEU L 165, 18.06.2013, p.13).

2. Iceland shall deposit its instrument of acceptance of the Doha Amendment with the Secretary-General of the United Nations in accordance with article 20(4) and Article 21(7) of the Kyoto Protocol at the latest on the date of the depositing of the last instrument of acceptance by the Union or its Member States.
3. When depositing its instrument of acceptance of the Doha Amendment, Iceland shall also notify the terms of the joint fulfilment, on its own behalf, to the Secretariat of the United Nations Framework Convention on Climate Change in accordance with Article 4, paragraph 2, of the Kyoto Protocol.

ARTICLE 11

Entry into force

This Agreement shall enter into force on the ninetieth day after the date on which all Parties have deposited their instrument of ratification.

Done at Brussels on the first day of April in the year two thousand and fifteen.

IN WITNESS THEREOF, the undersigned Plenipotentiaries, duly empowered to this effect, have signed this Agreement.

ANNEX 1
(List provided for in Article 4)

1. Regulation (EU) No 525/2013 of the European Parliament and of the Council of 21 May 2013 on a mechanism for monitoring and reporting greenhouse gas emissions and for reporting other information at national and Union level relevant to climate change and repealing Decision No 280/2004/EC (referred to as "Regulation 525/2013"), except for its Articles 4, 7 lit. f, 15 to 20 and 22. The provisions of Article 21 apply as relevant.
2. Current and future delegated and implementing acts based on Regulation (EU) No 525/2013.

ANNEX 2
NOTIFICATION OF THE TERMS OF THE AGREEMENT TO FULFIL JOINTLY
THE COMMITMENTS
OF THE EUROPEAN UNION, ITS MEMBER STATES AND ICELAND
UNDER ARTICLE 3 OF THE KYOTO PROTOCOL
FOR THE SECOND COMMITMENT PERIOD OF THE KYOTO PROTOCOL,
AS ADOPTED BY THE CONFERENCE OF THE PARTIES
TO THE UNITED NATIONS FRAMEWORK CONVENTION
ON CLIMATE CHANGE SERVING AS THE MEETING OF THE PARTIES
TO THE KYOTO PROTOCOL IN DOHA, BY DECISION 1/CMP.8,
IN ACCORDANCE WITH ARTICLE 4 OF THE KYOTO PROTOCOL

1. Members of the agreement

The European Union, its Member States and the Republic of Iceland, each being Parties to the Kyoto Protocol, are the members of this agreement ("the members"). The following are at present Member States of the European Union:

the Kingdom of Belgium, the Republic of Bulgaria, the Czech Republic, the Kingdom of Denmark, the Federal Republic of Germany, the Republic of Estonia, Ireland, the Hellenic Republic, the Kingdom of Spain, the French Republic, the Republic of Croatia, the Italian Republic, the Republic of Cyprus, the Republic of Latvia, the Republic of Lithuania, the Grand Duchy of Luxembourg, Hungary, the Republic of Malta, the Kingdom of the Netherlands, the Republic of Austria, the Republic of Poland, the Portuguese Republic, Romania, the Republic of Slovenia, the Slovak Republic, the Republic of Finland, the Kingdom of Sweden, and the United Kingdom of Great Britain and Northern Ireland.

Iceland is a member of this agreement pursuant to the Agreement between the European Union and its Member States and Iceland concerning Iceland's participation in the joint fulfilment of the commitments of the European Union, its Member States and Iceland for the second commitment period of the Kyoto Protocol to the United Nations Framework Convention on Climate Change.

2. Joint fulfilment of the commitments under Article 3 of the Kyoto Protocol for the second commitment period of the Kyoto Protocol

In accordance with Article 4(1) of the Kyoto Protocol, the members will fulfil their commitments under Article 3 thereof as follows:

- the members will ensure that, in accordance with Article 4(5) and (6) of the Kyoto Protocol, in the Member States and Iceland the combined sum of the aggregate anthropogenic carbon dioxide equivalent emissions of the greenhouse gases listed in Annex A to the Kyoto Protocol does not exceed their joint assigned amount;
- the application of Article 3(1) of the Kyoto Protocol to greenhouse gas emissions from aviation and shipping for the Member States and Iceland is based on the Convention's approach of only including emissions from domestic flights and domestic shipping in Parties' targets. The European Union approach under the second commitment of the Kyoto Protocol will remain the same as that of the first commitment period, given the lack of progress since Decision 2/CP.3 in attributing those emissions to Parties' targets. This is without prejudice to the stringency of the European Union's commitments under the climate and energy package, which remain unchanged. It is also without prejudice to the need to take measures concerning emissions of such gases from aviation and marine bunker fuels;
- each member may increase its ambition level by transferring assigned amount units, emission reduction units or certified emission reduction units to a cancellation account established in its national registry. The members will jointly submit the information required by paragraph 9 of Decision 1/CMP.8, and will jointly make any proposals for the purpose of Article 3(1ter) and (1quater) of the Kyoto Protocol;
- the members will continue to apply Article 3(3) and (4) of the Kyoto Protocol and decisions agreed thereunder individually;

- the combined base year emissions of the members will equal the sum of emissions in the respective base years applicable to each Member State and Iceland;
- if land use, land-use change and forestry constituted a net source of greenhouse gas emissions in 1990 for any Member State or Iceland, the relevant member shall, pursuant to Article 3(7bis) of the Kyoto Protocol, include in its emissions base year or period the aggregate anthropogenic carbon dioxide equivalent emissions by sources minus removals by sinks in the base year or period from land use, land-use change and forestry for the purpose of calculating the joint assigned amount of the members determined in accordance with Article 3 (7bis), (8) and (8bis) of the Kyoto Protocol;
- the calculation pursuant to Article 3(7ter) of the Kyoto Protocol shall apply to the joint assigned amount of the second commitment period for the members determined in accordance with Article 3 (7bis), (8) and (8bis) of the Kyoto Protocol and the sum of the average annual emissions of the members for the first three years of the first commitment period multiplied by eight;
- in accordance with Decision 1/CMP.8, units in a member's Previous Period Surplus Reserve account may be used for retirement during the additional period for fulfilling commitments of the second commitment period, up to the extent by which that member's emissions during the second commitment period exceed its respective assigned amount for that commitment period, as defined in this notification.

3. Respective emission levels allocated to the members to the agreement

The quantified emission limitation and reduction commitments for the members listed in the third column of Annex B to the Kyoto Protocol are 80 %. The joint assigned amount of the members for the second commitment period will be determined pursuant to Article 3(7 bis), (8) and (8 bis) of the Kyoto Protocol, and its calculation will be facilitated by the reports submitted by the European Union pursuant to paragraph 2 of Decision 2/CMP.8.

The respective emission levels of the members are as follows:

- The emission level for the European Union is the difference between the joint assigned amount of the members, and the sum of the emission levels of the Member States and Iceland. Its calculation will be facilitated by the report submitted pursuant to paragraph 2 of Decision 2/CMP.8.
- The respective emission levels of the Member States and Iceland in accordance with Article 4(1) and (5) of the Kyoto Protocol are the sum of their respective amounts listed in Table 1 below and any results of the application of the second sentence of Article 3(7bis) of the Kyoto Protocol for that Member State or Iceland.

The assigned amounts of the members shall be equal to their respective emission levels.

The assigned amount of the European Union will be counted against the emissions of greenhouse gases from sources under the European Union Emissions Trading Scheme, in which its Member States and Iceland participate, to the extent that those emissions are covered under the Kyoto Protocol. The respective assigned amounts of the Member States and Iceland cover the greenhouse gas emissions by sources and removals by sinks in each Member State or Iceland from sources and sinks not covered by Directive 2009/29/EC of the European Parliament and of the Council amending Directive 2003/87/EC so as to improve and extend the greenhouse gas emission allowance trading scheme of the Community. This includes all emissions by sources and removals by sinks covered by Article 3(3) and (4) of the Kyoto Protocol as well as all emissions of nitrogen trifluoride (NF₃) under the Kyoto Protocol.

Members of this agreement shall report separately on the emissions by sources and removals by sinks covered by their respective assigned amounts.

Table 1:
Emission levels of the Member States and Iceland (before application of Article 3(7bis)) in terms of tonnes of carbon dioxide equivalent for the second commitment period of the Kyoto Protocol

Belgium	584 228 513
Bulgaria	222 945 983
Czech Republic	520 515 203
Denmark	269 321 526
Germany	3 592 699 888
Estonia	51 056 976
Ireland	343 467 221
Greece	480 791 166
Spain	1 766 877 232
France	3 014 714 832
Croatia	162 271 086
Italy	2 410 291 421
Cyprus	47 450 128
Latvia	76 633 439
Lithuania	113 600 821
Luxembourg	70 736 832
Hungary	434 486 280
Malta	9 299 769
Netherlands	919 963 374
Austria	405 712 317
Poland	1 583 938 824
Portugal	402 210 711
Romania	656 059 490
Slovenia	99 425 782
Slovakia	202 268 939
Finland	240 544 599
Sweden	315 554 578
United Kingdom	2 743 362 625
Iceland	15 327 217